

## **Aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2026–2029.**

Frá dómsmálaráðherra.

### **1. Framkvæmdasjóður hinsegin málefna.**

Varið verði 40 millj. kr. samtals til aðgerða innan aðgerðaáætlunar í málefnum hinsegin fólks á fjögurra ára gildistíma áætlunarinnar. Niðurstöður einstakra aðgerða, reynsla og þekking nýtist til framfara í málaflokknum.

Dómsmálaráðuneytið auglýsi eftir umsóknum frá ráðuneytum og úthluti 10 millj. kr. árlega á tímabilinu að undangengnu faglegu mati skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála. Reglur sjóðsins og umsóknareyðublöð verði kynnt ráðuneytum við gildistöku áætlunarinnar í upphafi ársins 2026.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa jafnréttis- og mannréttindamála.

Kostnaðaráætlun: 40 millj. kr.

### **2. Framkvæði og þátttaka í alþjóðlegri baráttu fyrir hinsegin réttindum.**

Stuðlað verði að auknum réttindum hinsegin fólks á alþjóðavísu með öflugum málsva-  
starfi og fjárframlögum til frjálsra félagasamtaka og verkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna. Í setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2025–2027 verði sérstök áhersla lögð á að stuðla að hinsegin réttindum, styðja starf Sameinuðu þjóðanna í málefnum hinsegin fólks og auka samstarf við önnur ríki um hinsegin réttindi. Allsherjarúttekt mannréttindaráðsins verði nýtt til að beina tilmælum um réttindi hinsegin fólks til allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna sem taka þátt í slíkri úttekt. Ísland styðji réttindabaráttu hinsegin fólks í þróunarríkjum með fjárframlögum til mannréttindasamtaka auk þess að styrkja starf mannréttindaráðsins í þágu alþjóðlegrar baráttu fyrir réttindum hinsegin fólks.

Markmið aðgerðarinnar verði að nýta sterka stöðu Íslands á sviði hinsegin mannréttinda á vettvangi alþjóðastofnana, í setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna og öðrum verkefnum til að bæta hinsegin réttindi á alþjóðavísu.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Utanríkisráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa alþjóðapólitískra málefna.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

## Börn

### 3. Endurskoðun orðalags í aðalnámskrá.

Fram fari rýni á aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla með tilliti til orðalagsbreytinga og viðbóta í þeim tilgangi að gera hinseginleikann að eðlilegum þætti námsumhverfisins. Rýnin verði nýtt við endurskoðun á aðalnámskrám.

Markmið aðgerðarinnar verði að aðalnámskrár og skólustarf endurspegli fjölbreytileika nemenda og breytt samfélag.

Tímaáætlun: 2026.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar í samvinnu við Samtökin '78.

Kostnaðaráætlun: 1 millj. kr.

### 4. Aukinn sýnileiki hinseginleika í námsefni grunnskóla.

Unnið verði að því að auka sýnileika hinseginleika í námsefni og kennslu í grunnskóla með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi með endurskoðun gátlista Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu fyrir námsefnishöfunda til að tryggja að allt nýtt og endurskoðað námsefni verði inngildandi fyrir hinsegin fólk. Í öðru lagi með setningu gæðaviðmiða um námsgögn með hliðsjón af hinseginleika. Í þriðja lagi með þróun leiðbeininga um hinsegin málefni fyrir kennara og annað starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og öðrum störfum með börnum og ungmennum.

Markmið aðgerðarinnar verði að auka sýnileika hinsegin fólks í útgefnu námsefni í þeim tilgangi að draga úr fordómum, efla skilning og félagslega samkennd.

Tímaáætlun: 2026–2028.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við Samtökin '78.

Kostnaðaráætlun: 1 millj. kr.

### 5. Stuðningur við börn og forsjáraðila barna með kynama.

Mótaðar verði verklagsreglur og skýr þjónustuleið fyrir börn með kynama. Samhliða verði tryggður faglegur og samfelldur stuðningur við forsjáraðila. Verkefnið feli í sér gerð rafræns vegvísis, upplýsingagáttar og skýrra verkferla innan heilbrigðiskerfisins.

Markmið aðgerðarinnar verði að tryggja skýran og aðgengilegan þjónustufarveg fyrir börn með kynama og veita forsjáraðilum markvissan stuðning og fræðslu.

Tímaáætlun: 2026–2027.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Landspítali í samvinnu við viðeigandi hagaðila og sérfræðinga.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

## **6. Stuðningsáætlanir fyrir hinsegin börn í skólum.**

Hvatt verði til þess að skólar setji sér stuðningsáætlanir fyrir hinsegin nemendur. Útbúnað verði aðgengilegar leiðbeiningar til að aðlaga að aðstæðum í hverjum skóla fyrir sig. Metið verði innan skóla hvort skipaður verði tengiliður eða bakhjarl/ar til að styðja við starf með hinsegin börnum og sækja þekkingu til sérfræðinga á sviði hinsegin mála.

Markmið aðgerðarinnar verði að tryggja fagleg viðbrögð við vanda hinsegin barna, stuðla að öruggu og inngildandi námsumhverfi í því skyni að stuðla að góðri skólasókn, námsárangri og líðan hinsegin barna.

Tímaáætlun: 2028–2029.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við Samtökin '78.

Kostnaðaráætlun: 2 millj. kr.

## **7. Reglulegar úttektir á líðan hinsegin barna og ungmenna.**

Festar verði í sessi reglulegar úttektir á líðan hinsegin barna og ungmenna í grunn- og framhaldsskólum, m.a. í því skyni að greina langtímaþróun. Gefnar verði út árlegar skýrslur með samanburði á milli ára um líðan hinsegin barna í grunnskólum. Samsvarandi skýrslur verði gefnar út annað hvert ár um líðan nemenda í framhaldsskólum.

Markmið aðgerðarinnar verði að safna gögnum um líðan hinsegin barna og ungmenna í skólakerfinu til að greina þarfir, kortleggja áskoranir og meta þróun yfir tíma. Gögnin verði samanburðarhæf á milli ára til að styðja við gagnreynda stefnumótun og faglega nálgun.

Tímaáætlun: 2026.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar í samvinnu við Íslensku æskulýðsrannsóknina.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

## **8. Starfsþróunarnámskeið fyrir kennara, skólastjórnendur og starfsfólk í frístundastarfi.**

Útbúið verði rafrænt starfsþróunarnámskeið fyrir skólastjórnendur, kennara og starfsfólk í frístundastarfi um inngildingu og jákvæðan skólabrag með áherslu á forvarnir og viðbrögð við hatusorðræðu gagnvart jaðarsettum nemendahópum á borð við hinsegin nemendur.

Markmið aðgerðarinnar verði að auka þekkingu starfsfólks skóla á málefnum hinsegin fólks og bæta hæfni þess við að stuðla að bættri líðan hinsegin barna og ungmenna. Stuðlað verði að því að starfsfólk eigi auðvelt með að tala um hinseginleikann, styðja hinsegin nemendur, nýta viðurkenndar leiðir til að auka inngildingu jaðarsettra hópa í skóla- og frístundastarfi og þar með að tryggja jákvæðan skólabrag.

Tímaáætlun: 2027–2028.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar.

Kostnaðaráætlun: 5 millj. kr.

## Aldraðir

### 9. Fræðsla um hinsegin málefni í félagslegri þjónustu.

Boðið verði upp á fræðslu um hinsegin málefni fyrir starfsfólk í félagslegri þjónustu. Fræðslan verði aðgengileg og nýtt í fjölbreyttu starfsumhverfi með áherslu á að efla hæfni starfsfólks til að mæta þörfum hinsegin fólks, þ. á m. eldra fólks.

Markmið aðgerðarinnar verði að tryggja að hinsegin fólk, óháð aldri, fái félagslega þjónustu við hæfi án ótta við fordóma og útilokun, njóti reisnar og geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

Tímaáætlun: 2026–2029

Ábyrgð: Félags- og húsnæðismálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa félags- og lífeyrismála í samvinnu við helstu hagaðila

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda

### 10. Fræðsla til fagaðila um hinseginleika í þjónustu við hinsegin aldraða.

Unnið verði markvisst að fræðslu fyrir fagaðila sem starfa með öldruðum, með áherslu á málefni hinsegin og kynsegin einstaklinga. Fræðslan nái til heilbrigðis-, félags- og menntastofnana og miði að aukinni þekkingu, skilningi og hæfni í þjónustu við hinsegin og kynsegin aldraða.

Markmið aðgerðarinnar verði að efla fræðslu meðal fagaðila sem sinni öldruðum svo þeir geti betur mætt þörfum hinsegin og kynsegin einstaklinga og tryggt virðingu og mannréttindi í allri þjónustu.

Tímaáætlun: 2026–2027.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Heilbrigðisráðuneytið í samvinnu við viðeigandi hagaðila og sérfræðinga. .

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

## Hatursorðræða

### 11. Vitundarvakning meðal ungs fólks um hatursorðræðu gagnvart hinsegin fólki.

Efnt verði til vitundarvakningar um hatursorðræðu í garð hinsegin fólks í anda *Orðanna okkar*. Áhersla verði lögð á að ná til ungs fólks með markvissri dreifingu á viðeigandi miðlum.

Markmið aðgerðarinnar verði að sporna við aukinni hatursorðræðu í íslensku samfélagi, einkum gagnvart hinsegin fólki, með því að efla forvarnir og fræðslu meðal almennings, einkum ungs fólks.

Tímaáætlun: janúar 2026–2027.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa jafnréttis- og mannréttindamála.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda að frátöldum kostnaði við vitundarvakningu á samfélagsmiðlum.

## **12. Stemmt stigu við hatursorðræðu gagnvart hinsegin fólki í stafrænni þjónustu.**

Unnið verði að innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2065 um innri markað fyrir stafræna þjónustu og breytingu á tilskipun 2000/31/EB (tilskipun um rafræn viðskipti). Innleiðing reglugerðarinnar feli í sér að hatursorðræða gagnvart hinsegin fólki og öðrum jaðarhópum geti talist ólöglegt efni.

Markmið aðgerðarinnar verði að stemma stigu við hatursorðræðu gagnvart hinsegin fólki og öðrum jaðarhópum í stafrænni þjónustu.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Atvinnuvegaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa viðskipta og markaða.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

## **13. Samræmdar verklagsreglur lögreglu um hatursglæpi gegn hinsegin fólki.**

Þróaðar verði samræmdar verklagsreglur innan lögreglunnar um vinnulag og skráningu hatursglæpa gagnvart hinsegin fólki. Verkefnið verði unnið í samstarfi við Samtökin '78, jafnréttisnefnd og þjónustusvið Embættis ríkislögreglustjóra (RLS). Sérstök áhersla verði lögð á greiningu gagna, notkun hugtaka og rétt viðmót í málsmeðferð.

Markmið aðgerðarinnar verði að tryggja sýnilega, samræmda og réttindamiðaða meðferð hatursglæpa gagnvart hinsegin fólki.

Tímaáætlun: 2026–2027.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Embætti ríkislögreglustjóra.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

## **Löggæsla**

## **14. Þróun og miðlun fræðslu til lögreglu í tengslum við hinsegin samfélagið.**

Útvíkkuð verði fræðsla um hinsegin málefni fyrir lögreglufólk og starfsfólk RLS í samstarfi við Samtökin '78. Jafnframt verði fræðslan felld inn í símenntun lögreglufólks í gegnum Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar og aðlöguð ákveðnum starfseiningum, s.s. Fjarskiptamiðstöð og afbrotavörnum.

Markmið aðgerðarinnar verði að auka þekkingu lögreglufólks á málefnum hinsegin fólks, stuðla að réttindamiðaðri þjónustu og efla traust hinsegin samfélagsins á lögreglunni.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Embætti ríkislögreglustjóra.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### **15. Betri stuðningur við hinsegin þolendur heimilisofbeldis.**

Lögð verði áhersla á fræðslu til starfsfólks lögreglu þannig að það verði betur í stakk búið til að styðja hinsegin þolendur heimilisofbeldis og vinna að forvörnum gagnvart heimilisofbeldi. Vinnulýsingar verði yfirfarnar, boðið upp á fræðslu til lögreglu og haldin ráðstefna um málefnið. Jafnframt verði boðið upp á fræðslu til hinsegin samfélagsins um verklag lögreglu í heimilisofbeldismálum. Sérstakur tengiliður lögreglu við hinsegin samfélagið verði skipaður við upphaf aðgerðaáætlunarinnar.

Markmið aðgerðarinnar verði að byggja upp traust í samskiptum lögreglu við hinsegin samfélagið til að hinsegin fólk hiki ekki við að leita til lögreglu eftir aðstoð vegna heimilisofbeldis og því sé ætíð mætt af virðingu.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Kostnaðaráætlun: Áætlað er að ófjármagnaður kostnaður við þróun fræðslu og ráðstefnu nemi um 4 millj. kr. Aðrir þættir verkefnisins rúmist innan fjárheimilda.

### **16. Bætt öryggi hinsegin ungmenna.**

Fléttað verði inn í fræðslu lögreglu til barna og ungmenna umfjöllun um alvarleika hatursorðræðu og -glæpa gagnvart hinsegin fólki. Unnið verði að því að skapa traust á milli lögreglu og hinsegin ungmenna, m.a. með fræðslu til starfsfólks lögreglu, samstarfi og reglulegum heimsóknum í ungmennahús.

Markmið aðgerðarinnar verði að stuðla að öryggi og jafnrétti fyrir hinsegin börn og ungmenni og byggja upp traust og gott samstarf milli hinsegin samfélagsins og samfélagslögreglu.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### **17. Hinseginvænt vinnuumhverfi innan lögreglunnar.**

Unnið verði að greiningu og umbótum á aðgengi, verklagi og menningu innan lögreglunnar til þess að tryggja hinseginvænt vinnuumhverfi. Lögð verði áhersla á aðgengi að kynhlutlausum salernum, virðingu í orðræðu og stuðning við hinsegin starfsfólk. Aðgerðin verði unnin í samvinnu við Samtökin '78 og byggð á lögum um jafna meðferð.

Markmið aðgerðarinnar verði að stuðla að öryggi, vellíðan og inngildingu hinsegin starfsfólks og tryggja að lögreglan sé vinnustaður þar sem mismunur er ekki liðin.

Tímaáætlun: 2026–2028.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Embætti ríkislögreglustjóra.

Kostnaðaráætlun: Samþætt við fyrirliggjandi aðgerðir um vinnuaðstöðu og fjölbreytileika hjá embættinu.

## Ódæmigerð kyneinkenni (intersex) og kynstaðfestandi ferli

### 18. Stuðningur við börn með ódæmigerð kyneinkenni (intersex) og forsjáraðila þeirra.

Unnið verði að því að skýra þjónustu við intersex börn og forsjáraðila þeirra. Þróaðar verði verklagsreglur utan um þjónustuhörf þeirra, bæði líffræðilega og sálfélagslega þætti. Tryggð verði viðeigandi ráðgjöf og stuðningur til barna og forsjáraðila þeirra, frá greiningu til fullorðinsára. Einnig fari fram eftirfylgni framkvæmdar Landspítala vegna ákvæða um intersex í lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, t.a.m. hvað varðar skráningu meðferðar í sjúkraskrá og veitingu árlegra upplýsinga til embættis landlæknis um fjölda og eðli þeirra meðferða sem veitt er og aldur þeirra barna sem undirgangast þær.

Markmið aðgerðarinnar verði að tryggja stuðning og þjónustu við intersex börn og forsjáraðila þeirra, allt frá greiningu til fullorðinsára. Einnig að lögum sé fylgt með tilliti til skráningar og tölfraeðiupplýsinga um meðferðir intersex barna.

Tímaáætlun: 2026–2027.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Landspítali í samvinnu við viðeigandi hagaðila og sérfræðinga.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### 19. Skýrari viðmið í þjónustu teymis barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans um kynvitund.

Nýtt verði reglugerðarheimild í 3. mgr. 13. gr. laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, til að setja reglugerð um verkefni og þjónustu teymis barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans um kynvitund.

Markmið aðgerðarinnar verði að skýra hlutverk teymisins hvað varðar þjónustu við einstaklinga sem falla undir lögin og hvaða sérfræðiþjónustu sé nauðsynlegt og heimilt að veita þeim sem leita eftir þjónustu teymisins.

Tímaáætlun: 2026.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Barna- og unglíngageðdeild Landspítala í samvinnu við viðeigandi hagaðila og sérfræðinga.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### 20. Skoðun á fýsileika þess að Sjúkratryggingar Íslands taki þátt í kostnaði við varðveislu kynfruma.

Skoðaður verði fýsileiki þess innan heilbrigðisráðuneytisins að Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) taki þátt í kostnaði við varðveislu kynfruma vegna kynstaðfestandi meðferðar sem hefur áhrif á frjósemi.

Markmið aðgerðarinnar er að kostnaðarmeta greiðsluþátttöku SÍ í varðveislu kynfruma í því skyni að meta fýsileika þess að SÍ taki þátt í kostnaði við varðveislu kynfruma.

Tímaáætlun: 2026–2028.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið í samvinnu við SÍ.

Framkvæmdaraðili: Sjúkratryggingar Íslands og viðeigandi sérfræðingar.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### **21. Skýrari viðmið í kynstaðfestandi heilbrigðisþjónustu Landspítala.**

Skýrari afmörkun verði á hlutverki Landspítala í veitingu kynstaðfestandi heilbrigðisþjónustu. Unnið verði að skilgreiningu ábyrgðar, verkferla og þjónustuframboðs í samvinnu við fagaðila og notendur þjónustunnar.

Markmið aðgerðarinnar er að tryggja skýrleika í hlutverki og ábyrgð Landspítala gagnvart kynstaðfestandi heilbrigðisþjónustu og bæta þannig yfirsýn, aðgengi og samræmi í þjónustunni.

Tímaáætlun: 2026–2027.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Landspítali í samvinnu við viðeigandi hagaðila og sérfræðinga.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### **22. Skimanir á legháls- og brjóstakrabbameini nái til transfólks.**

Gerðar verði breytingar á vinnuferli stofnana sem miða við kynskráningu við boðun í skimun vegna hættu á legháls- og brjóstakrabbameini í því skyni að ná til transfólks.

Markmið aðgerðarinnar er að bæta heilsu transfólks og tryggja að það fái boð í viðeigandi krabbameinsskimanir óháð kynskráningu.

Tímaáætlun: 2026–2027.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Landspítali í samvinnu við viðeigandi hagaðila og sérfræðinga.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

## **Lög og reglur**

### **23. Jöfn foreldraviðurkenning.**

Skipaður verði starfshópur til að greina áskoranir og leiðir til að jafna rétt samkynja para til foreldraviðurkenningar á við gagnkynja pör. Í greiningunni skuli vera tekið sérstakt tillit til réttinda barnsins. Hópurinn skili greiningu og tillögum að viðeigandi aðgerðum eigi síður en í árslok 2027.

Markmið með aðgerðinni verði að jafna rétt samkynja para til foreldraviðurkenningar á við gagnkynja pör án þess að gengið sé á rétt barna.

Tímaáætlun: 2026–2027.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa jafnréttis- og mannréttindamála.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.



#### **24. Afnáam banns við blóðgjöf karla sem stunda kynlíf með körlum.**

Unnið verði að því að afnema bann við blóðgjöfum karla sem stunda kynlíf með körlum (MSM) í framhaldi af breytingu á reglugerð nr. 441/2006 og NAT-skimun, sem tók gildi 1. júlí 2025.

Markmið aðgerðarinnar verði að afnema mismunun sem blóðgjafar hafa sætt á grundvelli kynhneigðar.

Tímaáætlun: 2026.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Landspítali í samvinnu við viðeigandi sérfræðinga.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### **Rannsóknir og fræðsla**

#### **25. Rannsóknasetur í hinsegin fræðum.**

Kannað verði hvort raunhæft sé að koma á fót rannsóknasetri í hinsegin fræðum. Starfsemi setursins gæti rúmast innan Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (RIKK) í nánu samstarfi við Miðstöð í lýðheilsuvísindum innan HÍ. Jafnframt verði skoðað hvort setrið eigi samlegð í samstarfi við önnur svið HÍ og/eða fræðafólk við aðra háskóla á Íslandi eins og við á hverju sinni.

Meginmarkmið rannsóknasetursins verði að efla markvissar rannsóknir á sviði hinseginleika í þeim tilgangi að stuðla að markvissari stefnumótun stjórnvalda í réttarbótum, bættum aðstæðum, viðurkenningu og þátttöku hinsegin fólks í samfélaginu.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa jafnréttis- og mannréttindamála.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

#### **26. Upplýsingar og fræðsla til stjórnenda ríkisins um hinsegin málefni.**

Bætt verði við upplýsingum um hinsegin málefni á miðlæga upplýsingasíðu fyrir stjórnendur hjá ríkinu. Upplýsingarnar verði teknar saman í samráði við hagsmunasamtök hinsegin fólks. Jafnframt verði tryggð nýliðafræðsla og símenntun um hinsegin málefni fyrir stjórnendur.

Markmið aðgerðarinnar er að tryggja aðgengi að upplýsingum, auk nýliðafræðslu og símenntunar meðal stjórnenda ríkisins til að koma í veg fyrir mismunun gagnvart hinsegin starfsfólki ríkisins.

Tímaáætlun: 2026–2027.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Kjara- og mannauðssýsla ríkisins í samvinnu við hagsmunasamtök.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

## **27. Fræðsla um hinsegin málefni fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga.**

Boðið verði upp á fræðslu um hinsegin málefni fyrir alla kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga.

Markmið aðgerðarinnar verði að auka þekkingu meðal kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga um réttindi og félagslega stöðu hinsegin fólks.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

## **28. Fræðsla til fjölmiðla.**

Miðlað verði fræðslu til starfsfólks fjölmiðla um hinsegin málefni. Fræðslan verði þróuð í samstarfi við hagsmunasamtök hinsegin fólks. Fræðsluefnið feli m.a. í sér almenna umfjöllun um málefnasvið hinsegin fólks, viðbrögð við hatursorðræðu gagnvart hinsegin fólki og umfjöllun um íþróttir og íþróttaviðburði með hliðsjón af hinseginleika. Fræðslan verði valkvæð og standi öllu starfsfólki fjölmiðla til boða. Miðlun fræðslunnar fari fram með aðgengilegum hætti og grundvallarfræðsluefni liggi frammi á miðlægu rafrænu svæði. Samstarf verði haft við Bláðamannafélag Íslands (BÍ) um framkvæmd aðgerðarinnar.

Markmið fræðslunnar verði að stuðla að auknum fjölbreytileika í hópi viðmælenda og umfjöllunarefni fjölmiðla. Þannig endurspegli fjölmiðlar samfélagið með raunsönnum hætti, vinni gegn fordómum og ýti undir þátttöku hinsegin fólks í samfélagslegri umræðu.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa nýsköpunar, rannsókna og stafrænna mála í samstarfi við BÍ.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

## **29. Könnun á hinsegin veruleika innan Stjórnarráðsins.**

Samstarf verði milli forsætisráðuneytis og Samtakanna '78 um framkvæmd könnunar meðal starfsfólks Stjórnarráðsins um upplifun þess af hinseginleikanum.

Markmið aðgerðarinnar verði að safna gögnum sem nýtast munu við gerð stöðumats og valkostagreiningar (grænbók) um þörf á fjölbreytileika- og inngildingarstefnu Stjórnarráðs Íslands.

Tímaáætlun: 2026–2027.

Ábyrgð: Forsætisráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa stjórnskipunar í samvinnu við Samtökin '78 og aðra viðeigandi hagaðila.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### 30. Efling hinsegin menningar.

Unnin verði greining á opinberri fjármögnun menningarmála með tilliti til þátttöku, tækifæra og upplifunar hinsegin fólks. Sérstaklega verði skoðað hvort hindranir séu til staðar í núverandi kerfi og tillögur til úrbóta lagðar fram. Skoðað verði hvort niðurstöður kalli á að stutt verði frekar við menningarstarfsemi hinsegin fólks gegnum listahátíðir og aðra menningartengda viðburði eða í gegnum aukna samþættingu við núverandi fyrirkomulag. Í framhaldi af greiningu verði haldið málþing um niðurstöður og kallað eftir tillögum að úrbótum.

Markmiðið verði að greina núverandi stöðu menningarstarfs með tilliti til aðgengis og fjármögnunar og efla enn frekar þá starfsemi sem nú þegar er til staðar í formi bókmennta-hátíða, kvikmynda- og listviðburða ásamt því að styðja við nýja viðburði sem tengjast hinsegin menningu.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa menningar og skapandi greina.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### 31. Stuðningur við inngildingu í háskólum.

Stutt verði við inngildingu hinsegin fólks og annarra jaðarsettra hópa í háskólastarfi. Fræðsluefni um hinsegin- og jafnréttismál verði þróað í samstarfi við hagsmunasamtök og miðlað annars vegar til starfsfólks og hins vegar til háskólanema. Nemendafélög verða hvött til að skapa stuðningsnet og vettvang fyrir hinsegin háskólanema. Þróaður verði samræmdur farvegur fyrir tilkynningar um áreitni, fordóma og hatursorðræðu innan háskólasamfélagsins.

Markmið aðgerðarinnar verði að auka sýnileika og þátttöku hinsegin háskólanema og starfsfólks í háskólastarfi ásamt því að bæta vellíðan hinsegin fólks í íslenskum háskólum með mælanlegum umbótum á fræðslu, stuðningi og ferlum.

Tímaáætlun: 2026–2028.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Skrifstofa háskóla og vísinda og jafnréttisfulltrúar háskólanna.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### 32. Bætt tölfræði um alþjóðlega vernd hinsegin fólks.

Haldið verði saman upplýsingum um hversu margir hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd hljóti vernd á Íslandi og frá hvaða löndum þeir komi upprunalega. Byrjað verði að safna upplýsingunum samhliða því að Útlendingastofnun taki í notkun nýtt upplýsingakerfi á tímabili aðgerðaáætlunarinnar.

Markmið aðgerðarinnar verði að skapa yfirsýn yfir fjölda samþykktra umsókna hinsegin fólks um alþjóðlega vernd og upprunaland þess í því skyni að bæta stefnumótun stjórnvalda og afla upplýsinga um stöðu hinsegin fólks í öðrum löndum.

Tímaáætlun: 2027.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.  
Framkvæmdaraðili: Útlendingastofnun.  
Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### **33. Fræðsla til starfsfólks við málsmeðferð og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.**

Þróuð verði og miðlað fræðslu um hinsegin málefni til starfsfólks við málsmeðferð og þjónustu við hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd. Jafnframt verði sjónum beint að menningar- og samfélagslegum áhrifabáttum á stöðu hinsegin fólks í algengustu upprunarlöndum hinsegin umsækjenda.

Markmið aðgerðarinnar verði að tryggja að mannréttindi hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd séu virt, stuðla að faglegri málsmeðferð og þjónustu.

Tímaáætlun: 2026–2029.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili: Útlendingastofnun í samvinnu við Samtökin '78.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

### **34. Öruggt húsnæði, fræðsla og stuðningur við hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd.**

Metið verði með kerfisbundnum hætti hvort umsækjendur um alþjóðleg vernd tilheyri viðkvæmum hópum eins og hinsegin fólki. Tryggt verði að hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd geti upplifað sig örugga í húsnæði á vegum Vinnumálastofnunar á meðan á afgreiðslu umsóknar þeirra stendur, þeir fái viðeigandi þjónustu og fræðslu á vegum hagsmunasamtaka auk þess sem þeim verði úthlutaður tengiliður innan velferðarteymis Vinnumálastofnunar þannig að bregðast megi við sértækum þörfum þeirra.

Markmiðið aðgerðarinnar verði að tryggja að hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd upplifi sig örugga innan íslenska verndarkerfisins, verði ekki fyrir áreiti, ofbeldi eða aðkasti á meðan þeir dvelja í búsetuúrræðum Vinnumálastofnunar.

Tímaáætlun: 2026-2028.

Ábyrgð: Félags- og húsnæðismálaráðuneytið.

Framkvæmdaaðili: Vinnumálastofnun.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda Vinnumálastofnunar.

## Greinargerð.

Dómsmálaráðherra leggur hér með fram aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum hinsegin fólks til árunna 2026–2029 að báðum árum meðtöldum.

Aðgerðaáætlunin tekur við af fyrstu aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025. Innan þeirrar áætlunar hefur verið stuðlað að markverðum umbótum í þágu hinsegin fólks. Hægt er að nefna að hatursorðræða á grundvelli kyneinkenna var gerð refsiverð með breytingu á 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og lagður var grunnur að afnámi banns við blóðgjöfum karla sem stunda kynlíf með öðrum körlum (MSM) með breytingu á reglugerð um blóðskimanir. Því ferli er framhaldið með aðgerð um afnám bannsins í þessari aðgerðaáætlun. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um framgang aðgerða í fyrstu aðgerðaáætluninni í mælaborði dómsmálaráðuneytisins.

Ísland skipar sér framarlega á meðal Evrópuríkja á svið hinsegin réttinda. Íslendingar eru í 1. sæti á Tgue-réttindakorti transfólks í Evrópu og í 3. sæti á Regnbogakorti ILGA Europe, réttindasamtaka hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu. Íslendingar festu sig í sessi meðal fremstu þjóða á sviði hinsegin mannréttinda í heiminum með lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019. Veigamesta breytingin með lögnum felst í staðfestingu þeirra á rétti fólks frá 15 ára aldri til að skilgreina kyn sitt í samræmi við eigin upplifun án læknisfræðilegra eða annarra meðferðarlegra skilyrða.

Eftir að lög inntóku gildi hafa verið gerðar breytingar á öðrum lögum til samræmis við inntak laganna, t.a.m. með hliðsjón af heimild laganna til hlutlausrar kynskráningar. Með sama hætti hafa breytingar á barnalögum, nr. 76/2003, bætt foreldrastöðu transfólks, fólks með hlutlausu kynskráningu og samkynja para við tækniþróun. Foreldraréttur samkynja para jafnast þó enn ekki á við réttindi gagnkynhneigðra para því þegar barn fæðist inn í samkynja samband verður foreldrið sem ekki gengur með barnið ekki sjálfkrafa foreldri þess, eins og í tilfelli gagnkynja foreldra. Aðgerð í nýrri aðgerðaáætlun gerir ráð fyrir að stofnaður verði starfshópur til að greina áskoranir og leiðir til að bæta foreldrarétt samkynja para til jafns við gagnkynhneigðra para.

Framfarir í mannréttindum hinsegin fólks felast ekki aðeins í lagalegum umbótum. Krefjandi áskoranir felst í því að brúa bilið milli formlegra réttinda hinsegin fólks og raunverulegra aðstæðna þess í samfélaginu. Rannsóknir sýna ekki aðeins fram á að hinsegin fólk verði frekar fyrir fordómum, áreitni og mismunun en aðrir í samfélaginu. Hinsegin fólk býr við verri andlega líðan og upplifir frekar einangrun og útilokun í samfélaginu en aðrir. Bakslag í málefnum hinsegin fólks á heimsvísu veldur því að hinsegin fólk á Íslandi upplifir í vaxandi mæli fordóma og hatursfulla orðræðu á samfélagsmiðlum.

Íslensk stjórnvöld leggja metnað sinn í að ná enn frekari árangri í mannréttindabaráttu hinsegin fólks. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins kemur fram að mannréttindi og virðing fyrir fjölbreytileika verði leiðarstef nýrrar ríkisstjórnar. Ríkisstjórnin leggi áherslu á jafna stöðu og jöfn réttindi allra, að standa með jaðarsettum hópum og uppræta rótgróna fordóma í samfélaginu, m.a. með jafnréttis- og hinsegin fræðslu. Ríkisstjórnin einsetji sér að vinna gegn sundrung og tortryggni og byggja upp traust og samheldni í íslensku samfélagi.

Ný aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks felur í sér lýsingu á stefnu stjórnvalda á málefna sviði hinsegin mála, beinar aðgerðir til að varpa ljósi á stöðu málaflokksins

og/eða stuðla að framförum á sviði hinsegin málefna. Aðgerðir innan aðgerðaáætlunarinnar eru talsvert fleiri en innan fyrri aðgerðaáætlunar í málefnum hinsegin fólks eða 34 miðað við 21 í fyrstu aðgerðaáætluninni. Öll ráðuneyti nema eitt bera ábyrgð á einni eða fleiri aðgerðum í áætluninni og fjölmargar undirstofnanir taka þátt í framkvæmd þeirra. Framsetning aðgerðaáætlunarinnar er með nokkuð öðrum hætti en fyrri aðgerðaáætlana. Stærsta breytingin felst í því að aðgerðum er skipt niður í kafla eftir viðfangsefni til þess að auðvelda lesendum leit að aðgerðum innan einstakra málefna sviða. Minni breytingar felast í því að gerð er grein fyrir framkvæmdaraðila hverrar aðgerðar fyrir sig til að auka gagnsæi og auðvelda eftirfylgni. Ekki er heldur vísað til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna með sama hætti og áður var gert enda er hvergi minnst á hinseginleika í markmiðunum.

Þróun aðgerðaáætlunar í hinsegin málum hefur falið í sér vítt samráð og undirbúningsvinnu frá því á vormánuðum 2025. Fyrsta skrefið fólst í birtingu áforma og óskum um ábendingar frá hagsmunasamtökum og almenningi í gegnum samráðsgátt stjórnvalda í apríl. Alls bárust níu umsagnir um áformin, þrjár frá félagasamtökum, ein frá réttindasamtökunum ÖBÍ, ein frá Landspítalanum og fjórar frá einstaklingum. Samantekt umsagna var birt í gáttinni að loknu samráðinu.

Næsta skref í þróun áætlunarinnar fólst í úrvinnslu umsagna, frekari gagnaöflun, samráði við hagsmunaaðila og jafnréttisfulltrúa Stjórnarráðsins um nýjar aðgerðir og framhalds-aðgerðir frá fyrri aðgerðaáætlun. Samhljómur reyndist í fyrirliggjandi gögnum um að brýn þörf væri á frekari rannsóknnum á fræðasviði hinsegin mála. Brugðist er við því innan aðgerðaáætlunarinnar með áformum um að kanna hvort raunhæft sé að koma á fót rannsóknasetri í hinsegin fræðum innan Háskóla Íslands (HÍ). Starfsemi setursins gæti rúmast innan Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum í nánú samstarfi við Miðstöð í lýðheilsuvísindum innan HÍ. Jafnframt verði skoðað hvort setrið eigi samlegð í samstarfi við önnur svið HÍ og/eða fræðafólk við aðra háskóla á Íslandi eins og við á hverju sinni.

Ekki var aðeins horft til innlendra gagna og ábendinga við mótnun aðgerðaáætlunarinnar. Liður í undirbúningsvinnunni fólst í mótnun aðgerða á grundvelli ábendinga ILGA Europe, réttindasamtaka hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu, um nauðsynlegar umbætur í mála-flokknum á Íslandi. ILGA birtir niðurstöður úttektar á lagalegum réttindum hinsegin fólks árlega á svokölluðu Regnbogakorti. Ísland er í 3. sæti aðildarríkja ILGA með 84,06% viðmiða uppfyllt árið 2025. Íslendingar eru með fullt hús stiga í tveimur flokkum af sjö, þ.e. *viðurkenning á skráðu kyni og borgaraleg afnot af rými og landi*. Alls eru 93,96% viðmiða í flokknum *jafnrétti og bann við mismunun* uppfyllt og 89,95% viðmiða í flokknum *fjölskylda*.

Íslendingar hækkuðu sig milli ára í flokknum *hatursglæpir og -áróður* vegna ákvæðis hegningarlaga um hatursorðræðu og uppfylla nú 69,51% viðmiða í þeim flokki. Lengra er í land í flokkunum *líkamleg friðhelgi fólks með ódæmigerð kyneinkenni* (intersex) og *alþjóðleg vernd* því að í báðum flokkum skortir 50% upp á að viðmið séu uppfyllt. Við þróun aðgerða er m.a. horft til ábendinga ILGA um afnám banns við blóðgjöf karla sem stunda kynlíf með öðrum körlum (MSM), jafns foreldraréttar sam- og gagnkynja para, umbóta gagnvart einstaklingum með ódæmigerð kyneinkenni og hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Í vinnu við aðgerðir í þágu hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi var ekki aðeins litið til ábendinga ILGA heldur einnig nýútkominnar skýrslu Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (RIKK) og Háskóla Íslands undir yfirskriftinni *If I Go Back, I Will be Killed* um réttindi umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi. Við þróun einstakra aðgerða innan aðgerðaáætlunarinnar var m.a. litið til ábendinga skýrsluhöfundu um

nauðsyn fræðslu til starfsfólks við málsmeðferð og þjónustu og öruggs rýmis fyrir umsækjendur á meðan á meðferð umsókna þeirra stæði hjá hinu opinbera. Jafnframt felur aðgerðaáætlunin í sér aðgerð um söfnun upplýsinga um fjölda samþykktra umsókna um alþjóðlega vernd hér á landi.

Rétt er að taka fram að þáttur í mótun aðgerðaáætlunarinnar fólst í samráði við Samtökin '78 um réttarbætur, fræðslu og aðgerðir á sviði vitundarvakningar. Með sama hætti var kallað eftir viðbrögðum helstu hagsmunaaðila við drögum að innkomnum aðgerðum á samráðsfundi þann 19. ágúst. Síðast en ekki síst voru drög að aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks til árana 2026–2029 til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Nýja aðgerðaáætlunin felur í sér markverðar framfarir á sviði hinsegin mannréttinda, ekki aðeins réttarbætur heldur ýmiss konar umbætur á sviði rannsókna, fræðslu, vitundarvakningar og stuðnings við hinsegin einstaklinga í samfélaginu. Nokkur dæmi um slíkar umbætur hafa þegar verið nefnd. Af öðrum metnaðarfullum umbótum má nefna stuðning við hinsegin nemendur í skólum, fræðslu til kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga og umbótáaðgerðir lögreglu til stuðnings hinsegin samfélaginu. Með sama hætti má nefna þrjár aðgerðir um fræðslu til fjölmiðla, eflingu hinsegin menningar og stuðning við inngildingu í háskóla.

Aðgerðaáætlunin felur í sér mikilvæga aðgerð í þágu barna með ódæmigerð kyneinkenni (intersex) og forsjáradila þeirra. Þróaðar verða verklagsreglur utan um þjónustuþörf barnanna, bæði líffræðilega og sálfélagslega þætti, tryggð viðeigandi ráðgjöf og stuðningur við börnin og forsjáradila þeirra. Jafnframt verði fylgt eftir framkvæmd Landspítala vegna ákvæða um intersex í lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, t.a.m. hvað varðar skráningu meðferðar í sjúkraskrá og veitingu árlegra upplýsinga til embættis landlæknis.

Nokkrar aðgerðir snúa að heilbrigðisþjónustu við fólk í kynstaðfestandi ferli. Ein þeirra snýr að skoðun fýsileika þess að SÍ taki þátt í kostnaði við varðveislu kynfruma. Með hliðsjón af því að kynstaðfestandi ferli er algengast meðal ungs fólks og kostnaður við heimtur og geymslu kynfruma er hár er ljóst að fjárhagslega getur verið erfitt fyrir transfólk í kynstaðfestandi meðferð að velja þann kost að heimta og geyma kynfrumur. Hugsanleg þátttaka SÍ í kostnaði við heimtur og varðveislu kynfruma gæti því skipt sköpum fyrir þennan hóp. Fjölmargar aðrar brýnar aðgerðir fylla aðgerðaáætlunina og er of langt mál að vísa til þeirra allra hér heldur vísað í sjálfar aðgerðirnar og greinargerð með hverri þeirra að neðan.

Enda þótt Íslendingar hafi náð langt á sviði hinsegin réttinda á hinsegin fólk enn undir högg að sækja á Íslandi. Með aðgerðum í málefnum hinsegin fólks til árana 2026–2029 leggja stjórnvöld sig fram um að stuðla að bættum réttindum, aðstæðum, viðurkenningu og þátttöku hinsegin fólks í samfélaginu. Mikilvægt er að þjóðir eins og Íslendingar beiti sér gegn bakslagi á sviði hinsegin mannréttinda og sækji fram bæði á heimavelli og út á við. Nýja aðgerðaáætlunin felur í sér metnað stjórnvalda til að stuðla að hvoru tveggja.

## *Um einstakar aðgerðir tillögunnar.*

### Um 1. aðgerð

Hlutverk Framkvæmdasjóðs hinsegin málefna er að efla starf stjórnvalda með úthlutun fjárframlags til aðgerða ráðuneyta Stjórnarráðsins innan aðgerðaáætlunar hinsegin mála. Settar verða reglur um úthlutun úr sjóðnum og þær kynntar ráðuneytum við gildistöku áætlunarinnar í upphafi árs 2026. Fjárframlögum úr sjóðnum er ætlað að styðja við aðgerðir og eftirfylgni við verkefni tengd aðgerðaáætlun þessari í hinsegin málefnum þannig að nýta megi niðurstöður, reynslu og þekkingu sem fæst með aðgerðum innan málaflokksins.

### Um 2. aðgerð

Íslendingar eru í 1. sæti á réttindakorti Tgue yfir réttindi transfólks í Evrópu og 3. sæti á Regnbogakorti evrópsku réttindasamtakanna ILGA Europe, yfir réttindi hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu, með 84,06% viðmiða uppfyllt. Með aðgerðinni nýta Íslendingar sterka stöðu þjóðarinnar á sviði hinsegin réttinda, setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2025–2027 og þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana og í verkefnum til að bæta hinsegin réttindi á alþjóðavísu.

Af einstökum verkefnum má nefna stuðning Íslands við alþjóðasamtökin Outright International og ILGA World, sem starfa að réttindabaráttu og velferð hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu, ásamt átaksverkefni skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) vegna baráttu fyrir réttindum hinsegin fólks hvarvetna í heiminum (UN Free & Equal).

## **Börn**

### Um 3. aðgerð

Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögunum. Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla.

Brýnt er að aðalnámskrá sé reglulega endurskoðuð með hliðsjón af orðalagi og innihaldi. Tímabært er að endurskoða orðalag í aðalnámskrá með hliðsjón af breyttum áherslum í síbreytilegu samfélagi. Með aðgerðinni er stuðlað að því að aðalnámskrá endurspegli fjölbreyttan nemendahóp, áherslu á kynja- og hinsegin mannréttindi á öllum skólastigum.

### Um 4. aðgerð

Hinsegin nemendur og foreldrar þeirra hafa bent á að hinsegin veruleiki endurspeglast sjaldan í skólastarfi og námsefni. Einsleit birtingarmynd samfélagsins í skólastarfi getur leitt til þess að hinsegin ungmenni upplifi sig vanmetin og á jaðri samfélagsins. Sú upplifun getur haft neikvæð áhrif á líðan og sjálfsmynd ungmenna innan þessa hóps. Brýnt er að auka sýnileika hinsegin málefna í námsefni og kennslu með markvissum hætti til að stuðla að



jákvæðri og inngildandi menntun fyrir alla. Eðlilegt er að hinseginleiki, eins og annar fjölbreytileiki í samfélaginu, fléttist inn í allt skólastarf.

#### Um 5. aðgerð

Vaxandi meðvitund er um kynama meðal barna og unglunga í íslensku samfélagi. Með orðinu *kynami* er vísað til þeirrar upplifunar manneskju að hún tilheyri öðru kyni en líkamleg einkenni hennar benda til að hún tilheyri. Algengast er að kynami geri vart við sig meðal ungs fólks. Kynama getur fylgt alvarleg andleg vanlíðan og erfiðar tilfinningar gagnvart eigin líkama.

Brýnt er að tryggja heildstæða og samræmda þjónustu við börn með kynama og forsjár- aðila þeirra. Með markvissum verkferlum og stafrænum upplýsingum má bæta aðgengi barna að faglegum stuðningi, draga úr óvissu og léttu álagi af heilbrigðisstarfsfólki og foreldrum. Landspítala verður falið að þróa rafrænt fræðsluefni og setja upp skýran þjónustuferil í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og hagaðila með sérfræðiþekkingu á málefnum.

#### Um 6. aðgerð

Skerpa þarf á verklagi þegar hinsegin nemendur eiga undir högg að sækja í skóla- og frístundastarfi. Dæmi eru um að hinsegin ungmenni hafi orðið fyrir barðinu á fordómum, áreitni og jafnvel ofbeldi í skóla- og frístundastarfi með þeim afleiðingum að líðan þeirra og ástundun versnar. Gagnrýnt hefur verið að fulltrúar skóla hafi ekki alltaf brugðist markvisst við og/eða með réttum hætti.

Öll börn og ungmenni eiga rétt á að upplifa vellíðan og öryggi í skólanum. Brýnt er að bregðast hratt og faglega við erfiðum aðstæðum sem upp kunna að koma, skapa traust og efla jákvæð samskipti. Hinsegin tengiliðir eða bakhjarlar gætu verið liður í þeirri vinnu.

#### Um 7. aðgerð

Spurningum um hinseginleika var nýlega bætt inn í rannsóknir Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar.

Athygli vekur að í fyrirlögn rannsakerenda veturinn 2023–2024 svara hátt í 15% ungmenna í 9. og 10. bekk grunnskóla því til að þau séu ekki gagnkynhneigð. Jafnframt leiða niðurstöður rannsóknarinnar í ljós að mun hærra hlutfall ungmenna í þessum hópi, eða um 30%, upplifir kvíða á hverjum degi, samanborið við um 17% gagnkynhneigðra jafnaldra þeirra. Með sama hætti kemur fram að skólaförðun er mun algengari meðal hinsegin nemenda en gagnkynhneigðra nemenda.

Almennt benda niðurstöðurnar til þess að hinsegin ungmennum líði verr í grunnskóla, þau upplifi minni virðingu meðal samnemenda, meiri depurð og líkamlegri vanlíðan heldur en jafnaldrar þeirra. Mikilvægt er mæla reglulega líðan hinsegin barna og ungmenna til að hægt sé að bregðast við niðurstöðunum með viðeigandi hætti.

#### Um 8. aðgerð

Lítill áhersla er lögð á áskoranir jaðarsettra hópa í grunnmenntun kennara. Íslenskt samfélag hefur orðið sífellt fjölbreyttara á allra síðustu árum. Í starfi sínu standa kennarar frammi fyrir fjölbreyttum nemendahópi sem þarf að efla sem eina liðsheild. Hópamyndun ýtir undir átök og útilokun í skólasamfélaginu.

Fræða þarf starfsfólk skóla og frístundastarfs um árangursríkar leiðir til að byggja upp jákvæðan skólabrag og bekkjaranda með áherslu á inngildingu, fordómaleysi og fjölbreytileika.

## **Aldraðir**

### Um 9. aðgerð

Hinsegin fólk er þverskurður af samfélaginu, fjölbreyttur hópur sem hefur barist fyrir sýnileika sínum, þátttökurétti og sessi í samfélaginu, m.a. til að eldast með reisn og stolti. Mikilvægt er að stuðla að óumdeilanlegum mannréttindum og bættum lífsgörum eldra hinsegin fólks. Öldrun fylgja ýmsar áskoranir fyrir lífsgæði og vellíðan einstaklings, t.a.m. í tengslum við minnkandi líkamlega getu og félagslega einangrun. Þegar einstaklingur tilheyrir minnihlutahópi sem hefur verið jaðarsettur geta þessar áskoranir orðið enn erfiðari en fyrir einstaklinga innan annarra hópa. Afleiðingarnar geta leitt til þess að fólk dragi sig úr félagslegum samskiptum og jafnvel feli hinseginleika sinn. Því er afar mikilvægt að starfsfólk í heimaþjónustu og almennum dagdvölum hafi þekkingu á hinsegin málum og hljóti viðeigandi fræðslu og þjálfun til að mæta þörfum eldra hinsegin fólks.

### Um 10. aðgerð

Með hækkandi aldri þjóðarinnar og fjölbreyttari hópi aldraðra er mikilvægt að þjónusta taki mið af fjölbreytileika, þar á meðal kynhneigð, kynvitund og kynupplifun. Nýleg kortlagning Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (RIKK) á stöðu, líðan og réttindum hinsegin fólks á Íslandi leiðir í ljós að hinsegin aldraðir upplifi skilningsleysi og jafnvel fordóma meðal fagaðila í öldrunarþjónustu. Mikilvægt er að fagaðilar á sviði öldrunarþjónustu hafi góða þekkingu á þörfum hinsegin aldraða. Með fræðslu og vitundarvakningu innan þjónustu- og menntastofnana má bæta aðgengi, draga úr fordómum, tryggja virðingu og mannhelgi allra aldraðra. Verkefnið felur í sér þróun fræðsluefnis og innleiðingu þess í viðeigandi fag- og starfsumhverfi.

## **Hatursorðræða**

### Um 11. aðgerð

Hatursorðræða, bæði í raunheimum og á netinu, er vaxandi vandamál á Íslandi og í nágrannalöndunum. Rannsókn fjölmiðlanefndar frá árinu 2023 leiddi í ljós að töluverður fjöldi fólks hefði dregið sig í hlé í opinberri umræðu vegna harðrar orðræðu. Með hliðsjón af því er ljóst að hatursfull orðræða, m.a. um jaðarsetta hópa á borð við hinsegin fólk, er í senn meiðandi og stofnar lýðræðislegri umræðu í hættu.

Niðurstöður framangreindrar könnunar fjölmiðlanefndar leiddi í ljós að andúð í garð hinsegin fólks væri útbreiddari meðal ungmenna, einkum ungra karla, en fullorðinna á Íslandi. Efnt var til vitundarvakningar um hatursorðræðu undir yfirskriftinni *Orðin okkar* á samfélags-

miðlum árið 2024. Sýnileiki vitundarvakningarinnar var nánast enginn á vinsælustu samfélagsmiðlum ungmenna, Instagram og TikTok. Með hliðsjón af því er lagt til að dreifing efnisins verði markvissari á vinsælum samfélagsmiðlum ungs fólks.

Samkvæmt könnun forsætisráðuneytisins frá því í febrúar 2024 tóku 67% svarenda eftir vitundarvakningunni *Orðin okkar* með einhverjum hætti. Um 55% þeirra veltu meira fyrir sér áhrifum orða sinna eftir að hafa séð skilaboðin. Herferðin hefur sannað árangur sinn og er því lagt til að henni verði aftur hleypt af stokkunum, með markvissari og einbeittari hætti svo að hún nái til skilgreinds markhóps ungmenna.

#### Um 12. aðgerð

Hatursorðræða í rafrænni þjónustu er sívaxandi vandamál í heiminum. Atvinnuvega-ráðuneytið vinnur að innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2065 um innri markað fyrir stafræna þjónustu og breytingu á tilskipun 2000/31/EB (tilskipun um rafræn viðskipti). Liður í breytingunni felst í því að ákvæðum laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, um takmörkun ábyrgðar vegna miðlunar, skyndivistunar og hýsingar og ferli til að fjarlægja ólöglegt efni, þ.m.t. hatursorðræðu, verði breytt.

Með innleiðingu reglugerðarinnar um stafræna þjónustu Digital Service Act (DSA) getur hatursorðræða talist ólöglegt efni. Hatursorðræða sem felur í sér áreitni og mismunur vegna kynhneigðar, kynvitundar og kyneinkenna í garð hinsegin fólks er algengust á samfélagsmiðlum, í kommentakerfum og skoðanagreinum. Í ljósi bakslags í baráttu hinsegin fólks er löggið sem varðar slíka tjáningu nauðsynleg.

#### Um 13. aðgerð

Skráning hatursglæpa og viðbrögð lögreglu geta haft afgerandi áhrif á hvort brotaþolar treysta kerfinu. Með því að yfirfara verklag og styrkja verklagsreglur og greiningartæki er unnt að tryggja sanngirni, rétta meðferð og betra gagnasafn. Aðgerðin fellur vel að yfirfærðum verkþáttum jafnréttisáætlunar RLS og nær einnig til fræðslu um hinseginleika og EKKO-aðgerða, þ.e. vegna eineltis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis.

### Löggæsla

#### Um 14. aðgerð

Til að efla öryggi og aðgengi hinsegin fólks að þjónustu lögreglunnar er mikilvægt að starfsfólk hafi innsýn í stöðu og reynslu hinsegin einstaklinga. Með fræðslu í samstarfi við Samtökin '78 og samþættingu við fyrirliggjandi jafnréttisverkefni verður stuðlað að aukinni fagmennsku og bættum samskiptum lögreglu við fólk innan fjölbreytts samfélags. Aðgerðin styður við langtímastefnu RLS, jafnréttisstefnu lögreglunnar og framkvæmdáætlun embættisins í jafnréttismálum.

#### Um 15. aðgerð

Nauðsynlegt er að starfsfólk lögreglu geti átt góð samskipti við hinsegin fólk um þætti hinseginleikans, bent á viðeigandi upplýsingar og þjónustu. Því er brýnt að starfsfólk lögreglu þekki mismunandi tegundir kynvitundar, kynhneigðar og kyntjáningar og nálgist hinsegin fólk

af fordómaleysi. Í því felst m.a. að tileinka sér viðeigandi ávörp og orðfæri, þekkja birtingarmyndir heimilisofbeldis meðal hinsegin fólks og hvaða hindrunum hinsegin fólk getur fundið fyrir þegar það leitar sér aðstoðar. Tryggja þarf að fræðsluefni/upplýsingaefni lögreglu um heimilisofbeldi taki mið af fjölbreytileika. Þá er mikilvægt að ráðgjafar hinsegin fólks, t.d. hjá Samtökunum '78, geti leitað beint til tengiliðar innan lögreglu.

Niðurstöður rannsóknar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um ofbeldi í nánnum samböndum og fjölskyldum hinsegin fólks innan aðgerðaáætlunar í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025 mynda mikilvægan grunn að aðgerðinni.

#### Um 16. aðgerð

Hinsegin börn og ungmenni standa oft frammi fyrir aukinni áhættu á einelti, áreitni, ofbeldi og hatursglæpum sem hefur alvarleg áhrif á líðan þeirra og velferð. Þá eru hinsegin börn, sér í lagi transbörn, líklegri til að verða fyrir ofbeldi, bæði innan heimilis og utan. Að tryggja öryggi þeirra er því grunnforsenda fyrir jafnrétti og réttlæti. Samfélagslögreglan hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að byggja upp traust milli hinsegin ungmenna og lögreglu. Í því felst að vinna gegn fordómum og vanþekkingu með fræðslu og tryggja hinsegin ungmennum vernd og stuðning. Þar með er stutt við réttindi og öryggi hinsegin barna og ungmenna.

#### Um 17. aðgerð

Samkvæmt ákvæðum laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, um jafnréttisskyldur opinberra vinnustaða ber lögreglunni að tryggja að vinnuumhverfi sé laust við mismunun og óöryggi. Mygla í húsnæði embættisins hefur leitt til þess að starfsstöðvar eru núna flestar í bráðabirgðahúsnæði á alls 10 stöðum. Ein afleiðing þess er að í fæstum tilvikum er aðgengi að kynhlutlausum salernum í húsnæði sem ríkið á eða leigir. Jafnframt hefur komið í ljós að karlar hafa almennt betri aðgengi að salernum en önnur kyn. Með því að greina aðstæður og grípa til markvissra aðgerða til að tryggja kynhlutlaust vinnuumhverfi, þ.m.t. kynhlutlaus salerni, má styrkja innri menningu og faglegt traust. Aðgerðin fellur að jafnréttisstefnu RLS og áherslum í framkvæmdaáætlun embættisins í jafnréttismálum.

### **Ódæmigerð kyneinkenni (intersex) og kynstaðfestandi ferli**

#### Um 18. aðgerð

Dæmi eru um að börn fæðist með ódæmigerð kyneinkenni (intersex), þ.e. blönduð kyneinkenni karla og kvenna. Einkennin geta verið margvísleg og misjafnt er hvenær þau koma í ljós. Intersex breytileiki greinist oft á meðgöngu eða við fæðingu þó að dæmi séu um að hann greinist á kynþroskaaldri eða síðar á ævinni.

Mikilvægt er að tryggja skýran og öruggan þjónustufarveg fyrir intersex börn og forsjár aðila þeirra, þar sem fræðsla og faglegur stuðningur er veittur frá fyrstu stundu. Með skýrum verkferlum sem snúa að stuðningi og fræðslu við fjölskyldur má efla traust, draga úr vanlíðan og stuðla að upplýstri ákvarðanatöku. Einnig er mikilvægt að viðeigandi skráning á meðferð intersex barna sé gerð og veitt landlækni árlega. Landspítala verði falið að setja upp viðeig-

andi þjónustuferil í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og aðila með þekkingu á málefnum intersex barna og fjölskyldum þeirra.

#### Um 19. aðgerð

Lög um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, mörkuðu stórt framfaraskref í réttindabaráttu hinsegin fólks á Íslandi. Veigamesta breytingin með lögnum felst í staðfestingu þeirra á rétti fólks frá 15 ára aldri til að skilgreina kyn sitt í samræmi við eigin upplifun án læknisfræðilegra eða annara meðferðarlegra skilyrða.

Fjallað er um teymi barna- og unglíngageðdeildar Landspítala um kynvitund í 13. gr. laganna. Þar segir að teymið veiti börnum, yngri en 18 ára, sem upplifi misræmi milli kynvitundar sinnar og þess kyns sem þeim hafi verið úthlutað við fæðingu, meðferð í samræmi við þarfir hvers og eins og veiti forsjáradílum þeirra stuðning og ráðgjöf. Enn fremur meti teymið hvort það sé barni á aldrinum 16–18 ára fyrir bestu að undirgangast varanlegar breytingar á kynfærum, kynkirtlum eða öðrum kyneinkennum einstaklings. Í 3. mgr. greinarinnar kemur fram að teymið setji sér verklagsreglur í samræmi við viðurkenndar vinnureglur á alþjóðlegum vettvangi. Ráðherra sem fari með málefni heilbrigðisþjónustu geti sett nánari ákvæði um verkefnið og þjónustu teymisins með reglugerð.

Aðgerðin felur í sér mótun slíkrar reglugerðar í þeim tilgangi að skýra hlutverk teymisins hvað varðar þjónustu við einstaklinga sem falla undir lögina og hvaða sérfræðiþjónustu sé nauðsynlegt og heimilt að veita þeim sem leita eftir þjónustu teymisins. Liður í vinnu við aðgerðina felst í því að kanna samsvarandi viðmið meðal nágrannalanda Íslands.

#### Um 20. aðgerð

Ljóst er að kynstaðfestandi hormónameðferð og/eða kynfæraaðgerð hefur áhrif á frjósemi fólks. Transfólki standa til boða heimtur og geymsla kynfruma á frjósemisstofum eftir kynstaðfestandi meðferð. Eggheimta er dýr meðferð og geymsla kynfruma með frystingu, bæði eggfruma og sæðisfruma, er að sama skapi kostnaðarsöm.

Í 3. tölul. 2. gr. núverandi reglugerðar um greiðsluþátttöku vegna varðveislu kynfruma tekur greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) til tilvika þegar um er að ræða yfirvofandi ófrjósemisvandamál vegna illkynja sjúkdóma, s.s. lyfjameðferðir við krabbameini. Kynstaðfestandi meðferð hefur ekki fallið þar undir og því hefur slík greiðsluþátttaka ekki staðið þeim einstaklingum til boða.

Með hliðsjón af því að kynstaðfestandi aðgerðir eru algengastar meðal ungs fólks og kostnaður við heimtur og geymslu kynfruma er hár er ljóst að fjárhagslega erfitt getur verið fyrir transfólk í kynstaðfestandi meðferð að velja þann kost að heimta og geyma kynfrumur. Nefna má að í skýrslu starfshóps um ýmsar laga- og reglugerðabreytingar vegna laga um kynrænt sjálfræði frá árinu 2020 kemur fram að aðeins örfáir íslenskir transkarlar hafi farið í eggheimtumeðferð enda velti sá möguleiki almennt á getu foreldra transungmennanna til að veita fjárhagsaðstoð. Í ljósi þess munu SÍ skoða fýsileika þess að taka þátt í kostnaði vegna varðveislu kynfruma hjá ungmönnum sem fara í kynstaðfestandi meðferðir.

#### Um 21. aðgerð

Í 12. gr. laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, er kveðið á um að starfrækt skuli teymi Landspítala um kynvitund og breytingar á kyneinkennum. Þar kemur fram að teymið veiti skjólstæðingum, 18 ára og eldri, upplýsingar, ráðgjöf og meðferð í samræmi við þarfir hvers og

eins. Teymið veiti jafnframt aðstandendum skjólstæðinga upplýsingar og ráðgjöf. Fram kemur að teymið setji sér verklagsreglur í samræmi við viðurkenndar vinnureglur á alþjóðlegum vettvangi.

Ljóst er að kynstaðfestandi heilbrigðisþjónustan þarf að byggja á skýrum verkferlum og ábyrgðarsviðum til að tryggja réttindi og öryggi notenda. Með því að skerpa á ábyrgð Landspítala og tryggja samráð við notendur og fagfólk má bæta þjónustuferla, tryggja samræmi í framkvæmd þjónustu og auka traust til heilbrigðiskerfisins.

#### Um 22. aðgerð

Ríflega 2.000 manns greinast með krabbamein á hverju ári á Íslandi. Sú tala samsvarar því að einn af hverjum þremur greinist með krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni. Algengast er að konur greinist með brjóstakrabbamein, eða um 270 konur að meðaltali á ári síðustu fjögur ár. Algengast er að karlar greinist með blöðruhálskirtilskrabbamein, eða hátt í 290 karlar að meðaltali á ári síðustu fjögur ár.

Krabbameinsskimanir, s.s. legháls- og brjóstaskimanir, eru nú tengdar kynskráningu og nær boðunarkerfi því ekki til hluta transfólks sem þarf á skimun að halda. Þetta eykur hættu á síðbúinni greiningu og verri árangri af meðferð. Með því að miða boðun við líffræðilega þætti og tryggja fræðslu heilbrigðisstarfsfólks má bæta aðgengi, draga úr mismunun og stuðla að jöfnuði í heilbrigðisþjónustu.

#### Lög og reglur

#### Um 23. aðgerð

Þegar barn fæðist í samkynja sambandi verður foreldrið sem ekki gengur með barnið ekki *sjálfkrafa* foreldri þess, eins og í tilfelli gagnkynja foreldra samkvæmt íslenskum lögum.

ILGA, réttindasamtök hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu, hafa bent á að í því felist mismunun gagnvart hinsegin foreldrum. Nokkrar aðildarþjóðir ILGA hafa brugðist við ábendingu réttindasamtakanna með því að rétta hlut hinsegin foreldra hvað varðar foreldraviðurkenningu. Í sænskum barnalögum er t.a.m. gengið út frá því að eigi móðir barns maka eða sé í skráðri sambúð við fæðingu barns sé maki hennar sjálfkrafa skráður foreldri barns, óháð kyni. Hægt er að fá foreldraviðurkenningu hnekk fyrir dómstólum hafi barn ekki verið getið með tæknifrjóvgun eða ef barnið hefur verið getið með tæknifrjóvgun en önnur skilyrði hafi ekki verið uppfyllt, s.s. samþykki maka.

Einn liður í greiningu starfshóps um jafna foreldraviðurkenningu verður að skoða innleiðingu og reynslu Svía af lagabreytingunni þar í landi. Jafnframt verður litið til réttar barna til að þekkja uppruna sinn og njóta fjölskyldulífs.

#### Um 24. aðgerð

Lagt var bann við blóðgjöf karlmannna sem stunda kynlíf með körlum (MSM) á Íslandi eins og í flestum öðrum Evrópulöndum með hliðsjón af HIV-faraldrinum á níunda áratug síðustu aldar. Nú hafa flestar Evrópuþjóðir afnumið bannið í kjölfar ráðstafana til að tryggja öryggi blóðþega gagnvart HIV og öðrum áhættuþáttum. Hér á landi hefur aukist þrýstingur á íslensk stjórnvöld um að afnema bannið hér á landi. Nefna má að ILGA, réttindasamtök

hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu, hafa bent á að ekki sé lengur réttlætanlegt að útiloka blóðgjafir frá MSM á Íslandi.

NAT-skimun (e. Nucleic Acid Test) hófst formlega hjá Blóðbanka Landspítala 1. júlí 2025. Skimun felur í sér greiningu á lifrabólgu B (HBV), lifrabólgu C (HCV) og eyðniveiru 1 og 2 (HIV) í gjafablóði. Þegar innleiðingu og mati á árangri NAT-skimunar er lokið verður endanleg ákvörðun tekin um blóðgjafir MSM. Heilbrigðisráðuneytið setur í forgang að afnema bann um blóðgjafir karla sem stunda kynlíf með körlum.

## Rannsóknir og fræðsla

### Um 25. aðgerð

Undirbúningsvinna við aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks hefur leitt í ljós þörf fyrir markvissar rannsóknir á sviði hinsegin málefna til að tryggja að stefnumótun og laga-setning stjórnvalda byggi ávallt á bestu rannsóknum og þekkingu.

Með hliðsjón af því er lagt til að kannað verði hvort stofna skuli sérstakt rannsóknasetur í hinsegin fræðum innan Háskóla Íslands. Meginhlutverk setursins verði að efla rannsóknir á félagslegri stöðu, heilbrigði og mannréttindum hinsegin fólks.

Með hliðsjón af fjárhagslegri hagkvæmni og skyldleika hinsegin fræða við jafnréttis-rannsóknir verði skoðað sérstaklega hvort setrið verði hluti af Rannsóknastofnun í jafnréttis-fræðum við HÍ (RIKK) og í nánú samstarfi við Miðstöð í Lýðheilsuvísindum innan HÍ vegna skyldleika þess sviðs við málefni hinsegin fólks. Jafnframt verði samstarf við önnur svið HÍ og/eða fræðafólk við aðra háskóla eins og við á hverju sinni.

Miðað er við að stjórn RIKK beri fjárhagslega ábyrgð á rannsóknasetrinu. Skipað verði fagráð til að móta rannsókn- og starfsáætlun setursins. Setrið muni m.a. sækja um styrki til rannsókna, úthluta styrkjum í samræmi við áætlanir og vinna þjónustuverkefni gegn greiðslu.

### Um 26. aðgerð

Rannsóknir hafa leitt í ljós að hinsegin fólk er í viðkvæmri stöðu á vinnumarkaði og verður fremur fyrir fordómum og mismunun en aðrir hópar í samfélaginu. Sem dæmi sýndi rannsókn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands í nóvember 2023 að atvinnutekjur samkynhneigðra karla voru talsvert lægri, eða 68% af tekjum gagnkynhneigðra karla í rannsókninni.

Þá sýndi könnun Maskínu í apríl 2025 í hópi yfir 800 stjórnenda í 300 stærstu fyrirtækjum landsins og 100 stofnunum að einstakir hópar innan hinsegin hópsins eiga fremur undir högg að sækja á vinnumarkaði. Alls telja 67% svarenda í könnuninni líklegt að transfólk og fólk með óhefðbundna kyntjáningu verði frekar en aðrir innan hinsegin hópsins fyrir fordómum og áreitni á vinnumarkaði. Ríflega 68% svarenda í hópi stjórnenda í könnuninni kváðust aldrei hafa fengið fræðslu um hinsegin málefni.

Brýnt er að ríkið sem launagreiðandi tryggi að stjórnendur í opinberri þjónustu ríkisins séu vel í stakk búnir til að koma í veg fyrir mismunun og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum.

### Um 27. aðgerð

Hinsegin fólk þarf að eiga greiða leið að þjónustu í sínu nærumhverfi. Þjónusta og viðmót á að vera laust við fordóma og mismunun en bein og óbein mismunun og útilokun getur stafað af þekkingarskortri þeirra sem þjónustuna veita. Til að bæta stöðuna og draga úr fordómum og þekkingarskortri er mikilvægt að efla þekkingu kjörinna fulltrúa og starfsfólks sem sinnir þjónustu við almenning. Því er lagt til að boðið verði upp á fræðslu um hinsegin málefni fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga og starfsfólk sveitarfélaga, þar á meðal starfsfólk í þjónustu við börn, ungmenni, innflytjendur, fatlað fólk og aldraða. Fræðslan feli m.a. í sér umfjöllun um margþætta mismunun gagnvart hinsegin fólki, t.a.m. í ljósi fötlnar, uppruna og/eða litarháttar.

Aðgerðin er framhaldsaðgerð af fyrri aðgerðaáætlun. Rétt þykir að halda fræðslunni áfram í ljósi endurnýjunar fulltrúa í sveitarstjórnnum í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum vorið 2026 og endurnýjunar í starfsliði sveitarfélaganna.

### Um 28. aðgerð

Brýnt er að viðmælendur fjölmiðla endurspegli fjölbreytileika fólks og viðfangsefni í samfélaginu. Með sama hætti er mikilvægt að fjölmiðlar ýti ekki undir staðalmyndir, fordóma og andúð gagnvart minnihlutahópum á borð við hinsegin fólk í samfélaginu.

Með aðgerðinni sé stuðlað að því að starfsfólk fjölmiðla búi yfir grundvallarþekkingu á aðstæðum hinsegin fólks, helstu hugtökum og áherslum í málaflokknum. Jafnframt sé stuðlað að aukinni meðvitund fjölmiðlafólks um mikilvægi fjölbreytileika í hópi viðmælenda, varpað ljósi á framlag og sjónarhorn hinsegin fólks til tiltekinnna málefna. Síðast en ekki síst sé stuðlað að því að fjölmiðlafólk búi yfir þekkingu á árangursríkum leiðum til að vinna gegn fordómum, hatursorðræðu og hatursglæpum gagnvart hinsegin fólki.

### Um 29. aðgerð

Aðgerðin fellur að markmiðum jafnréttisáætlunar og mannauðsstefnu Stjórnarráðsins þar sem segir m.a. að mikilvægt sé að Stjórnarráðið sé eftirsóknarverður vinnustaður sem bjóði upp á tækifæri fyrir starfsfólk til að eflast og þróast og það eigi ekki að sæta mismunun af nokkrum toga. Þá byggir aðgerðin jafnframt á lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, og jafnréttisskyldum opinberra vinnustaða sem kveða á um að starfsumhverfi eigi að vera laust við mismunun og óöryggi. Tölulegar upplýsingar sýna að starfsumhverfi í ráðuneytum sé nokkuð einsleitt og endurspegli ekki þann fjölbreytileika sem í dag einkennir íslenskt samfélag. Með aðgerðinni er stigið mikilvægt skref til að formfesta þann vilja ráðuneyta að auka fjölbreytileika og vinna að inngildingum þannig að stjórnsýslan geti betur mætt ólíkum þörfum samfélagsins.

## Annað

### Um 30. aðgerð

Hið opinbera styður við margvíslega menningarviðburði sem tengjast málefnum hinsegin fólks sérstaklega ásamt því að styðja almennt við menningarstarfsemi, s.s. hinsegin bókmenntahátíð árið 2024. Mikilvægt er þó að greina hvort hlutdrægni gæti í núverandi



stuðningsumhverfi sem skapi hindranir og áskoranir í garð hinsegin menningar. Í því samhengi verður unnin greining á fjármögnun og tækifærum á sviði menningar og skipulagt málþing um hinsegin menningu þar sem niðurstöður greiningar verða kynntar og kallað eftir tillögum að úrbótum.

#### Um 31. aðgerð

Lykillinn að góðum námsárangri nemenda er vellíðan í námi. Því er mikilvægt að þörfum ólíkra hópa í háskólanámi sé mætt í námsumhverfinu. Aðgerðin miðar að því að efla stuðningsnet hinsegin nemenda á öllu landinu í öllum háskólum með auknu samstarfi háskóla og auka þannig sýnileika og inngildinguna. Einnig verður fræðsluefni þróað og því miðlað til nemenda og starfsfólks háskólanna. Að auki verða ferlar fyrir tilkynningar um áreitni og hatursorðræðu styrktir og samræmdir þvert á háskóla.

#### Um 32. aðgerð

Fjöldi fólks sækir um alþjóðlega vernd á Íslandi á ári hverju. Flestar umsóknanna hafa komið frá fólki frá Úkraínu, Venesúela, Palestínu, Írak, Nígeríu og Sýrlandi undanfarin ár. Aldrei hafa fleiri sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi en árin 2022 og 2023. Alls sóttu 4.495 um alþjóðlega vernd á fyrra árinu og 4.159 á seinna árinu. Mun færri umsækjendur hafa sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi árin 2024 og 2025. Alls bárust 1.285 umsóknir um alþjóðlega vernd fyrstu sjö mánuði ársins 2024 miðað við 760 umsóknir á sama tímabili árið 2025.

Fjölmargar ástæður liggja að baki umsóknum um alþjóðlega vernd á Íslandi, t.a.m. stríðsátök eins og í Úkraínu og ýmiss konar ofsóknir á grundvelli uppruna, trúarbragða eða annarrar sérstakrar stöðu í upprunalöndunum. Reglulega berast Íslendingum umsóknir um alþjóðlega vernd á grundvelli ofsókna vegna kynhneigðar, kynvitundar og/eða kyntjáníningar í heimalandinu. Í því skyni að bæta yfirsýn og faglega stefnumótun er brýnt að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir hversu margt flóttafólk og frá hvaða löndum það er sem fær alþjóðlega vernd á Íslandi á grundvelli, kynhneigðar, kynvitundar eða kyntjáníningar.

Tryggt verður að gætt sé persónuverndarlaga við alla vinnslu og birtingu upplýsinga um hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd, m.a. í ljósi þess að upplýsingar um hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd geta reynst persónugreinanlegar þegar fáir umsækjendur frá einstökum löndum fá alþjóðlega vernd á Íslandi á grundvelli hinseginleika.

#### Um 33. aðgerð

Brýnt er að mannréttindi hinsegin fólks séu virt, stuðlað sé að faglegri málsmeðferð og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Ísland er í 3. sæti á Regnbogakorti réttindasamtakanna ILGA um réttindi hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu með 84,06% viðmiða uppfyllt. Íslendingar uppfylla aðeins helming viðmiða í flokki umsækjenda um alþjóðlega vernd. Af hálfu ILGA hefur m.a. verið bent að ekki sé tryggt að starfsfólk við málsmeðferð og þjónustu við hinsegin umsækjendur fái reglulega fræðslu um hinsegin málefni. Með sama hætti benda höfundar nýútkominnar skýrslu RIKK og Háskóla Íslands undir yfirskriftinni *If I Go Back, I will be Killed* um réttindi hinsegin hælisleitenda á að þjálfar þurfi allt starfsfólk (spyrja, þýðendur og aðra málsmeðferðaraðila) um aðstæður og réttindi hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Útlendingastofnun hefur sent starfsfólk á námskeið European Union Agency for Asylum (EUAA) um kyn, kynhneigð og kynvitund og á sérstök námskeið um samskipti við

viðkvæma hópa umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þekkingu þessa starfsfólks hefur verið miðlað til annars starfsfólks stofnunarinnar ásamt því að stuðst hefur verið við handbækur og leiðbeiningar frá EUAA í vinnu stofnunarinnar. Fræðsla af þessu tagi er liður í þjálfun allra nýrra starfsmanna.

Viðtalssniðmát spyrta hefur verið uppfært með hliðsjón af hinsegin umsækjendum um alþjóðlega vernd og miðlun upplýsinga til einstaklinga í þessum hópi um hvert þeir geti leitað eftir stuðningi frjálsra félagasamtaka á borð við Samtökin '78. Jafnframt hefur starfsfólki í tvígang verið boðið upp á fræðslu frá Samtökunum '78.

Með því að þróa sérstakt fræðsluefni og miðla því reglulega til starfsfólks í málsmeðferðarferli og þjónustu við hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd er enn frekar stuðlað að því að tryggja mannréttindi hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd, bæta faglega málsmeðferð og þjónustu. Mikilvægt er að allt starfsfólk sem kemur að málsmeðferð og þjónustu búi yfir þekkingu á hinseginleika og sé meðvitað um menningarlega og samfélagslega áhrifabætti á stöðu hinsegin fólks í algengustu upprunalöndum hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd, m.a. til að stuðla að nærgætinni nálgun í viðtölum við umsækjendur um hinseginleika þeirra.

#### Um 34. aðgerð

Mikilvægt þykir að umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem eru í viðkvæmri stöðu, upplifi sig örugg á Íslandi á meðan umsókn þeirra er til efnismeðferðar. Jafnframt þykir mikilvægt að tryggja hinsegin umsækjendum um alþjóðlega vernd, sem hafa flúið heimaríki, m.a. vegna ofsókna í tengslum við kynhneigð, kynvitund og/eða kyntjáningu, örugga búsetu á umsóknartíma hérlandis og vernd frá aðkasti og aðdróttunum frá öðrum umsækjendum um alþjóðlega vernd í búsetuúrræðum á vegum hins opinbera. Þá þykir mikilvægt að hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd geti átt samastað þar sem þau geti notið jafningjastuðnings og haft tækifæri til að efla tengslanet sitt.

Með því að framkvæma sértæka fyrstu skimun í tengslum við viðkvæma stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd, þ.m.t. hvað varðar hinseginleika, verður unnið markvisst að því að veita stuðning út frá þörfum umsækjenda, auk þess sem öryggi þeirra verður tryggt. Einstaklingsbundið mat tryggir að ávallt sé unnið út frá þörfum hvers og eins og að umsækjendum um alþjóðlega vernd, sem eru í viðkvæmri stöðu, verði veittur viðeigandi stuðningur. Framangreind skimun er jafnframt í samræmi við skuldbindingar ríkisins á sviði mannréttinda.

Aðgerðin mun gilda allan gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar þar sem um ótímabundið verkefni er að ræða. Áætlað er að innleiðingu og þróun verkferla verði lokið við upphaf gildistímans og að verkferlar verði reglubundið endurmetnir líkt og aðrir verkferlar hjá Vinnumálastofnun er snúa að þjónustu við viðkvæma hópa.